



Fjármagnað í samvinnu við Byggingafróunarsjóð Evrópu

Stefnumótun með landfræðilegum rökum

FERILSRANNSÓKN //

Samfélagslegt gildi menningararfs á Íslandi

Hliðarverkefni „ESPON HERITAGE“

Skýrsla // mars 2022

Þessi ferilsrannsókn fór fram innan ramma samstarfsáætlunarinnar ESPON 2020 sem er fjármögnuð af Byggðaðróunarsjóði Evrópu að hluta til.

ESPON EGTC er eini hagsmunaaðili samstarfsáætlunarinnar ESPON 2020. Eina aðgerð áætlunarinnar er framkvæmd af ESPON EGTC og fjármögnuð í samvinnu við Byggðaðróunarsjóð Evrópu, aðildarríki Evrópusambandsins og samstarfsríkin Ísland, Liechtenstein, Noreg, Sviss og Bretland.

Þessi útgáfa endurspeglar ekki endilega skoðanir meðlima eftirlitsnefndar ESPON 2020.

Höfundar

Rannsóknamiðstöð ferðamála: Vera Vilhjálmsdóttir

ESPON EGTC: Zintis Hermansons (sérfræðingur), Caroline Clause (sérfræðingur á fjármálasviði)

Þakkir

Við viljum þakka öllum þátttakendum fyrir að hafa gefið sér tíma til að svara spurningum okkar. Við viljum einnig þakka Kristínu Huld Sigurðardóttur, Sólrúnu Ingu Traustadóttur og Sædísí Gunnarsdóttur hjá Minjastofnun fyrir frábært samstarf og einnig Sigríði Sigurðardóttur hjá Háskólanum á Hólum fyrir hjálpina við að semja spurningar könnunarinnar.

Finna má upplýsingar um ESPON og verkefni samstarfsins má finna á www.espon.eu.

Á vefsíðunni má sækja og skoða nýjustu skjöl frá ESPON um verkefni í gangi eða lokið hefur verið við.

ISBN: 978-2-919795-62-8

© **ESPON, 2020**

Gefið út í mars 2022

Prentun, endurgerð eða tilvísanir eru heimilaðar sé heimildar getið og eintak sent til ESPON EGTC í Lúxemborg.

Samskipti: info@espon.eu



Fjármagnað í samvinnu við Byggingafróunarsjóð Evrópu

Stefnumótun með landfræðilegum rökum

FERILSRANNSÓKN //

Samfélagslegt gildi menningararfs á Íslandi

Hliðarverkefni „ESPON HERITAGE“

Skýrsla // mars 2022

Fyrirvarar

Þetta skjal er lokagerð skýrsla.

Innihald hennar getur tekið breytingum og er ekki skuldbindandi fyrir ESPON EGTC eða þátttökulöndin í ESPON 2020 samstarfsáætluninni.

Lokaútgáfa skýrslunnar verður birt um leið og hún er samþykkt.

Efnisyfirlit

Skammstafanir	8
Inngangur.....	9
1.1 Ferilrannsókn á Norðurlandi.....	9
2 Skilgreiningar og samhengi.....	12
2.1 Minjar, samfélagslegt gildi og hagsæld	12
2.2 Þátttaka hagsmunaaðila	14
3 Fyrri rannsóknir sem hafa þýðingu.....	15
3.1 Ferða- og eyðsluvenjur erlendra ferðamanna í Mývatnssveit	15
3.2 Afstaða gagnvart íslenskum torfhúsum	15
3.3 Safngestir á Norðurlandi	16
4 Aðferðafræði.....	17
5 Niðurstöður.....	19
5.1 Þekkingarmiðlun	20
5.2 Atvinnutækifæri.....	21
5.3 Nýting og stjórnun	22
5.4 Minjastaðurinn Hofstaðir	25
6 Umræður og tillögur	27
Heimildir	29
Viðaukar	31
Viðauki A: Viðtalsleiðbeiningar – hagsmunaaðilar	31
Viðauki B: Viðtalsleiðbeiningar – rannsóknarhópur.....	32
Viðauki C: Spurningalisti netkönnunar	33

Listi yfir kort, töflur og skýringarmyndir

Listi yfir kort

Kort 1: Staðsetning sveitarfélaganna Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps og Vatnajökulsþjóðgarðs á Íslandi	10
---	----

Listi yfir töflur

Tafla 1: Ávinningur menningarferðamennsku fyrir velferð samfélagsins	13
Tafla 2: Viðtöl	17
Tafla 3: Þátttakendur rannsóknarhóps	17
Tafla 4: Lýðfræði svarenda netkönnunarinnar	18
Tafla 5: Fullyrðingar um sögulegt og fræðslugildi minjastaða	20
Tafla 6: Miðlun upplýsinga um minjastaði	21
Tafla 7: Atriði sem fólk telur mikilvægt að hafa í huga við uppbyggingu á minjastöðum	23
Tafla 8: Hver ætti að bera kostnaðinn af uppbyggingu og rekstri minjastaða?	24
Tafla 9: Hversu góða þekkingu hafa svarendur á minjastaðnum Hofstöðum?	25
Tafla 10: Jákvæð áhrif í tengslum við minjastaðinn Hofstaði	26

Listi yfir skýringarmyndir

Skýringarmynd 1: Stolt svarenda yfir minjastöðum í sveitarfélagi þeirra	20
Skýringarmynd 2: Minjastaðir og byggðaþróun	22
Skýringarmynd 3: Uppbygging minjastaða	23

Listi yfir myndir

Mynd 1: Minjastaðurinn Hofstaðir og nærumhverfi hans	11
Mynd 2: Fyrstu þrjú orðin sem þátttakendur könnunarinnar tengdu við minjastaði	19

Listi yfir kassa

Listi yfir tillögur

Búa til minjastjórnunaráætlun fyrir sveitarfélagið.....	28
Kynna minjastaði í sveitarfélaginu fyrir skólabörnum	28
Blása lífi í minjastaði með kraftmiklum stefnum um miðlun upplýsinga.....	28

Skammstafanir

ESPON	European Territorial Observatory Network
MS	Minjastofnun
RMF	Rannsóknamiðstöð ferðamála

Inngangur

Verkefnið í skýrslunni er hliðarverkefni ESPON HERITAGE og ESPON HERIWELL-verkefnanna.

ESPON HERITAGE leitaði leiða til að skilgreina og mæla efnahagsleg áhrif efnislegra menningarminja, greina í hvaða geirum þau hafa veruleg áhrif og leggja mat á og bera saman niðurstöðurnar á milli landsvæða (ESPON, 2020). Mikilvægar niðurstöður sýna að byggingar- og ferðamannaiðnaðurinn eru „hafa mestu efnahagslegu áhrifin á ápreifanlegar menningarminjar“ (ESPON, 2020): 1). Það getur verið erfitt að mæla áhrifin því ekki er auðvelt að laga opinberar tölfræðilegar stærðir að menningarminjum og efnahagslegum áhrifum þeirra. Auk þess kynni hliðarreikningur fyrir minjar í Evrópu (e. European Heritage Satellite Account) að koma minjageiranum til góða, einkum sem verkfæri við stefnumótandi ákvarðanir (ESPON, 2020).

ESPON HERIWELL-verkefnið miðaði að því að þróa samevrópska aðferðarfræði og greiningu á áhrifum menningarminja á samfélagið, þar á meðal þætti eins og þátttöku í samfélaginu, lífsgæði, hagsæld, heilbrigði og menntun (ESPON, 2021).

Helstu markmið rannsóknarinnar eru að fá skoðanir og mat íbúa á minjastöðum á staðnum og nærumhverfi þeirra. Minjastaðurinn Hofstaðir í Skútustaðahreppi á Norðurlandi var valinn fyrir ferilsrannsóknina ásamt nærliggjandi sveitarfélögunum tveimur.

Gögnum var safnað með þrenns konar hætti: með viðtölum við hagsmunaaðila, með rannsóknarhópsfundum með íbúum og netkönnun meðal íbúa.


Helstu rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Hvað telja íbúar vera mikilvægt fyrir uppbyggingu og notkun á minjastaðnum Hofstöðum frá sjónarhóli uppbyggingar á staðnum?
- Hvernig og að hvaða marki stuðla minjastaðir og/eða aðrir fornleifastaðir á svæðinu að hagsæld og eflingu sjálfsmýndar nærsamfélaga?
- Hver er besta leiðin til að nota minjastaðinn Hofstaði til að efla jákvæð áhrif hans á nærsamfélag?

1.1 Ferilsrannsókn á Norðurlandi

Svæði rannsóknarinnar nær yfir sveitarfélögin Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit á Norðurlandi. Í atkvæðagreiðslu í júní 2021 kusu íbúar sveitarfélaganna tveggja sameiningu þeirra. Tveir þriðjuhlutar í sveitarfélögunum báðum kusu „já“ og mun samruni þeirra eiga sér stað í maí 2022. Heildarlandsvæði sveitarfélaganna tveggja er um 12.000 km² (kort 1) og var íbúafjöldi alls svæðisins 1349 í desember 2021 (Þjóðskrá, 2022). Skráðir minjastaðir í Skútustaðahreppi eru um 1250 staðir (Vésteinsson, 1996).

Kort 1: Staðsetning sveitarfélaganna Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps og Vatnajökulsþjóðgarðs á Íslandi



Heimild: Minjastofnun, 2022

Stór hluti Vatnajökulsþjóðgarðs er í sveitarfélögunum Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit (sjá kort 2). Þjóðgarðurinn var stofnaður 2008 og nær yfir allan Vatnajökul og stór svæði í kringum hann (bleika svæðið á korti 2). Í dag eru fimm gestastofur reknar af þjóðgarðinum en auk þess eru áætlanir um að opna nýja gestastofu á Mývatnssvæðinu. Stofan verður á Skútustöðum, um 10 km frá Hofstöðum.

Minjastaðurinn Hofstaðir er í Skútustaðahreppi, norðvestanmegin við Mývatn og austan við Laxá. Staðurinn og landið í kringum hann er í eign íslenska ríkisins og er um 6,4 hektarar að stærð. Staðurinn er undir stjórn Minjastofnunar (MS). Mývatn er vinsæll ferðamannastaður og er ferðamennska mikilvæg atvinnugrein á svæðinu, einkum fyrir Covid. Svæðið er best þekkt fyrir náttúru sína (Barðadóttir, 2020).

Auk minjastaðarins sjálfs er gamalt sveitabýli og hlaða á jörðinni en annars samanstendur hún að mestu að túnnum og óræktuðu landi. Dýrabúskap á jörðinni var hætt 1984 (Skútustaðahreppur, 2017). Fornleifar frá landnámi og fram til 20. aldar hafa fundist á Hofstöðum. Fjölbreyttur fornleifauppgröftur hefur til dæmis leitt í ljós stóran skála frá víkingaöld og grafreit (Lucas, 2009).

Fornleifafræði á Íslandi á rætur sínar að rekja til fræðilegs áhuga á Íslendingasögnum um landnámsöld. Fyrstu rannsóknarverkefnið endurspeglar slíkan áhuga með túlkunum sínum á rústum sem fundust við fornleifauppgröft á Íslandi. En á 20. öld breyttist áherslan og gagnrýni jókst (Lucas, 2009). Fyrsti stóri fornleifauppgröfturinn á Íslandi fór fram á Hofstöðum árið 1908 undir stjórn Daniel Bruun og Finns Jónssonar. Við uppgröftinn komu tvö mikilvæg mannvirki í ljós á Hofstöðum. Stór skáli sem vísaði frá norðri til suðurs, 45 m langur og 10 m breiður. Hann er eitt þekktasta mannvirkið á Íslandi frá víkingaöld. Hitt mannvirkið var „lítil krínglótt eða sporöskjulaga tóft, 6,7 m löng og 5,75 m breið, sem er staðsett um 9 m suður frá gafflenda stóra skálans“ (Lucas, 2009: 5). Frekari rannsóknir leiddu í ljós að mannvirkið var ekki hús heldur gryfja full af dýrabeinum, ösku og eldsprungnum steinum. Meðfram tóftinni var lágur torfveggur (Lucas, 2009).

Fyrstu kenningarnar um skálann voru að hann hefði verið heiðið hof, einkum vegna *hofsins* í heitis staðarins. Fræðimenn hafa síðar hafnað þessari kenningu að mestu og bent á að hlutirnir, sem komu í ljós á staðnum, eru að mestu venjulegir, hversdagslegir hlutir sem benda frekar til þess að um venjulegt býli hafi verið að ræða,

þrátt fyrir stærðina (Lucas, 2009). Á árunum 1991 til 2002 fóru frekari rannsóknir fram á vegum einkafyrirtækis, Fornleifastofnunar Íslands, með það að markmiði að komast að aldri tóftanna og skilja eðli þeirra með afdráttarlausum hætti. Árið 2016 kom nýr minjastaður í ljós norðan við fyrri rannsóknarstaði. Árin á eftir leiddu frekari rannsóknir og uppgröftur í ljós skála og önnur mannvirki eins og þrjú útihús en eitt þeirra var grafið upp árið 2020 (Lucas, 2020).

Á þessari stundu eru fjórir verndaðir minjastaðir á Hofstöðum; 1) leifar af stóra skálanum, 2) hringlaga tóft, 3) gamall torfveggur og 4) hrossakví við gamla vegginn (sjá mynd 1).

Mynd 1: Minjastaðurinn Hofstaðir og nærumhverfi hans



Höfundarréttur myndar/loftmynd: Árni Einarsson

Landnýtingaráætlun fyrir minjastaðinn frá 2017 með tillögum um uppbyggingu staðarins. Helsta markmiðið er að bæta aðgengi gesta að staðnum og tryggja vernd bæði minjastaðarins og náttúrunnar umhverfis hann. Áætlunin um uppbygginguna inniheldur hugmyndir um bílastæði og salernisaðstöðu, upplýsingaskilti með QR-kóðum fyrir gesti til að fá gagnvirkar upplýsingar um staðinn, svæði til að hvíla sig og setjast niður og útsýnisstaði meðfram gönguslóðum fyrir gesti í kringum staðinn (Minjastofnun, 2017). Minjastofnun hlaut fjárframlag árið 2021 frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu til að endurskoða landnýtingaráætlunina fyrir Hofstaði svo hún tæki mið af nýja staðnum, sem fannst 2016, og ljúka hönnun fyrir minjastaðinn Hofstaði í heild (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2021).

2 Skilgreiningar og samhengi

Kaflinn hér á eftir inniheldur fræðilegan bakgrunn, skilgreiningar og samhengi fyrir þær hugmyndir sem fjallað er um í skýrslunni.

En áður en lengra er haldið er viðeigandi að útskýra hvernig fornleifar eru skilgreindar í íslenskum lögum:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri (Minjastofnun, e.d.).

Þessi skilgreining nær yfir margvíslega staði, svo sem menningarlandslag, leifar af byggingum, kirkjum eða öðrum tilbeiðslustöðum, staði fyrir búskap og iðnað og ummerki um hellabúsetu manna ásamt vegi, slóða, leifar af brúm, höfnum og öðrum mannvirkjum. Opinber stefna veitir því ítarlegt yfirlit yfir hvað telst fornminjastaður á Íslandi. Löggin kveða einnig á um að allir forngripir, sem finnast neðanjarðar, séu í eign ríkisins (ibid).

Það er hlutverk Minjastofnunar (MS) að fylgjast með varðveislu menningararfs á Íslandi, bæði fornleifum og byggingarminjum.

2.1 Minjar, samfélagslegt gildi og hagsæld

Hugtakið minjar hefur margvíslega þýðingu og nær yfir margvíslegar minjar eins og staði, hluti og verklag. Samband eða nálgun fólks eða samfélaga við minjar er ekki eðlislæg heldur ræktuð. Nútiðin hefur mjög mótandi áhrif á hugmyndir okkar um fortíðina þar sem minjar endurspeglar oft núverandi áhyggjur og áhuga okkar á fortíðinni (Harrison, 2013; Ireland & Schofield, 2015; Lowenthal, 1985).

Faro-sáttmálinn, sem samþykktur var af ráðherraráði Evrópuráðsins árið 2005 og tók gildi 1. júní 2011 leggur áherslu á mikilvægi menningarminja og hvernig þær tengjast málefnum eins og mannréttindum og lýðræði. Í sáttmálanum eru menningarminjar og samfélagslegt gildi þeirra fyrir samfélagið skilgreindar sem:

Menningarminjar er flokkur auðlinda sem erfist frá fortíðinni og fólk samsamar sig við óháð eignarhaldi og endurspeglar eða tjáir síbreytilegt gildi, trú, þekkingu og hefðir þess. Þær ná yfir allar hliðar þess umhverfis sem á rætur sínar að rekja til sambandsins á milli fólks og staða í árána rás (Council of Europe, 2005).

David Lowenthal (1985) segir að mikilvægur hluti skilnings okkar á sjálfum okkur sé tengingin og að muna eftir fortíðinni og lykilatriði þegar kemur að sjálfsmýnd okkar og þar af leiðandi geti minnistap leidd til missis sjálfsmýndar. Mikilvægasti hluti fortíðarinnar og einn helsti ávinningur hennar er að gefa stöðum þýðingu og tilvist þeirra kunnuglega: „Getan til að muna eftir og samsama okkur við eigin fortíð veitir tilvist okkar þýðingu, tilgang og gildi“ (Lowenthal, 1985). Því má segja að fortíðin móti nútíð einstaklinga og/eða samfélaga. Viðhalda má tengingu við fortíðina með margvíslegum hætti, með munnmælum, fornminjum og verklagi, beinni snertingu við forngripi eða með því að nota staðgönguhluti eins og minjagripi eða ljósmyndir (Lowenthal, 1985).

Þegar rætt er um sjálfsmýnd beinist orðræðan um arfleifð oft að opinberri og innlendri stefnu en David Harvey (2008) heldur því fram að einnig sé mikilvægt að beina sjónum að mikilvægi sambandsins á milli þjóðararfleifðar og staðbundinnar og/eða persónulegrar arfleifðar „það sem er mikilvægast er með ýmsum hætti sú viðurkenning að við höfum öll hlutverki að gegna við að búa til menningarminni (Harvey, 2008: 32). Því snýst stjórnun á menningararfi í vaxandi mæli í dag bæði um að undirstrika helstu frásagnir þjóðarinnar ásamt staðbundnum og persónulegum menningararfi og þróun sjálfsmýndar (Harvey, 2008).

Hvernig hafa tengsl við fortíðina, menningararf og þróun sjálfsmýndar áhrif á samfélagslegt gildi og hagsæld? Samkvæmt Lowenthal (1985: 185) „er meðvitund um fortíðina með margvíslegum hætti ómissandi fyrir hagsæld okkar“. Tengingin á milli menningar, menningararfs og hagsældar er ekki nýtt fyrirbæri. En það getur verið erfitt að skilgreina hugtakið hagsæld en almennt má segja að hún einkennist af „góðu (andlegu) heilbrigði, ánægju, hamingju, öruggum lífsgæðum og jákvæðni“ (Darvill et al, 2019: 4). Einnig má líta á hagsæld sem marglaga og háða samhengi, sem samtengdar hliðar atriða eins og efnahags, samfélags og trúarlegra, tilfinningalegra, líkamlegra eða andlegra þátta (ibid). Darvill et al (2019) héldu því líka fram að þegar fólk fær að upplifa mikilvægar minjar eða sögulega staði með tilteknum hætti, til dæmis með blöndu af áþreifanlegum og óáþreifanlegum menningarminjum, getur slíkt haft jákvæð áhrif og bætt bæði heilbrigði og andlega vellíðan.

Áður fyrr var gildi arfleifðar oftast tengt við gildi sem tengjast sögu og fagurfræði. En breytingar hafa átt sér stað á arfleifðarsviðinu og sögulegt umhverfi er í vaxandi mæli tengt við samfélagslegt gildi (Jones, 2017). Óaðskiljanlegur hluti þess að gefa sögulegu umhverfi gildi er að skapa því þýðingu. Það getur tekið á sig ýmsa mynd, munnmæli, ættfræði og þjóðsögur eru dæmi um hvernig mörg samfélög gefa menningarminjum sínum eða minjastöðum gildi og skilning. Því má segja að tengsl samfélaga við menningarminjar í umhverfi sínu skapi sértæka og staðbundna þýðingu sem er nátengd við skilning fólks á uppruna sínum (ibid).

Einnig má tengja hugtökin hagsæld og sjálfsmyndarstefnu við samfélagslegt gildi arfleifðar.

[Samfélagslegt gildi] hefur verið notað með margvíslegum hætti til að vísa til eftirfarandi: samfélagsvitundar, tengingu við staði, táknræns gildis, trúarlegra tengsla og félagsauðs (Jones, 2017: 2)

Því verður stöðugt mikilvægara að hafa hliðsjón af skoðunum nærsamfélagsins við uppbyggingu á minjastöðum (Barile & Saviano, 2015; Jones, 2017).

Það er vegna þeirra samfélagslegu og efnahagslegu áhrifa sem minjastaðir geta haft á samfélög. ESPON HERITAGE-verkefnið miðaði að því að finna leiðir til að mæla efnahagsleg áhrif af ápreifanlegum menningarminjum í 11 löndum/svæðum í Evrópu. Frummat þeirra leiddi í ljós að ferðamannaíðnaðurinn hafði mestu áhrifin, hvort sem mat var lagt á heildarvirðisauka (ferðamennska 63%), veltu (57%) eða atvinnusköpun (73%) og fylgdi byggingariðnaðurinn svo í kjölfarið (ESPON, 2020).

Með hliðsjón af þessum niðurstöðum er eðlilegt að skoða frekar hugsanlegan ávinning af menningartengdri ferðamennsku á hagsæld samfélaga. Arfleifð og menningartengd ferðamennska eru hugtök sem skarast (Boyd, 2001) og geta haft jákvæð áhrif á samfélög og bætt lífsgæði þeirra og á það bæði við um samfélög nálægt minjastöðum svo og samfélög á landsvísi eða alþjóðavísi. En líklegra er þó að nágranna- og nærsamfélög finni meira fyrir jákvæðum og neikvæðum áhrifum menningartengdrar ferðamennsku með persónulegri og beinni hætti en samfélög á landsvísi eða alþjóðavísi (du Cros & McKercher, 2015). McKercher & Ho (2012 í du Cros & McKercher, 2015) greindu fimm svið sem nutu ávinnings af menningartengdri ferðamennsku eins og talið er upp í töflu 1.

Tafla 1: Ávinningur menningarferðamennsku fyrir velferð samfélagsins

Svið	Ávinningur fyrir nágrannabyggð og/eða nærsamfélög
Efnahagslegur ávinningur	Atvinnusköpun, tekjuöflun, hagþróun, þjálfun og uppbygging á getu
Varðveisla og endurnotkun með aðlögun	Varðveisla; endurnotkun með aðlögun; mótun á tilfinningu fyrir persónulegri forsjá yfir minjum; verndun og gildi þjóðfræðilegra svæða; stöðva ólögleg viðskipti með forngrípi
Þjóðarmyndun og þjóðlegar goðsagnir	Búa til þjóðlegar goðsagnir; sameiginlega sögu/sameiginlega upplifun á sögu; taka á, leysa úr eða undirstrika umdeilda sögu
Hagsæld samfélaga og tenging við stað	Samstarf, aukin lífsgæði, mótun/efling á samfélagsstolti og samfélagstilfinningu/því að tilheyra; mótun á tilfinningu um fortíðarþrá; samfélag án aðgreiningar og í jafnvægi; viðhalda/blása lífi í hefðir og staðbundna menningu; bæta staðbundna sjálfsmynd/tengingu við stað; bæta þjóðerniskennnd; varpa ljósi á dægurmenningu
Skapa tækifæri fyrir tómstundir og afþreyingu	Rök fyrir þróun á menningarvörum; skapa ósvikna upplifun; í þágu margvíslegra hlutverka og notenda

Heimild: du Cross & Kercher, 2015: 29-30

Fræðimenn hafa bent á að menningartengd ferðaþjónusta geti skapað mikilvægan vettvang til að efla stolt íbúa og tengsl þeirra við samfélag sitt, sögu, sjálfsmýnd og fylgisemd (du Cross & McKercher, 2015). Sú þekking sem verður til og flyst á milli í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu getur hjálpað til við að halda arfleifð og menningu á lífi í samfélögum (ibid).

2.2 Þátttaka hagsmunaaðila

Mikilvægur hluti stjórnunar og nýtingar á arfleifð er að skilgreina hagsmunaaðila. Mikilvægt er að hafa helstu hagsmunaaðila eins og nærsamfélög, minja- og skipulagsyfirvöld, landeigendur, fræðslustofnanir og ferðaþjónustugeirann í huga þegar verkefnum í tengslum við stjórnun minjastaða er hleypt af stokkunum. Það getur þó verið erfitt að bera kennsl á og ráðfæra sig við þá þegar kemur að nýrri uppbyggingu og nýtingu. Mismunandi hagsmunaaðilar geta haft misjafna stöðu þegar kemur að lögmæti og hagsmunum af útkomu verkefna, þeir geta haft andstæðar skoðanir á því hvernig standa eigi að stjórnun á minjum (du Cros & McKercher, 2015). Hagsmunaaðilar geta einnig notað mismunandi fagmál og lagt mismunandi skilning í þá hluti eða staði sem um er að ræða (Richards, 2021).

Hagsmunaaðilar geta leikið mjög mikilvægt hlutverk þegar kemur að árangri verkefna og stefna á sviðinu. Því er mikilvægt að leggjast í greiningu á því hvaða hagsmunaaðila þurfi að hafa samráð við og hvað þeir hafi fram að færa til að bæta verkefnið og árangur þess. Meðal hagsmunaaðila má nefna íbúa á staðnum, ferðaþjónustugeirann, landeigendur, önnur fyrirtæki á staðnum, ríki og sveitarfélög ásamt öðrum opinberum og sjálfstæðum stofnunum eða samtökum sem eiga hagsmuna að gæta á staðnum (du Cross & Kercher, 2015). Það getur verið mjög erfitt að setja saman stjórnunarstefnu sem tekur mið af ólíkum skoðunum og virkar innan þeirra marka sem gilda um varðveislu og fræðilegar meginreglur en mjög gefandi þegar vel tekst til. Það getur einnig haft úrslitaáhrif á árangurinn að fá heimamenn að verkefningu og láta þá fá eignarhald yfir því að hluta (Richards, 2021).

Sami minjastaður eða eining getur haft fjölbreytta menningarlega þýðingu eftir því um hvaða aðila, sjónarmið og áform er að ræða (Barile & Saviano, 2015). Sian Jones (2016) mælir með því að styðjast við dýnamíska nálgun þegar kemur að gagnaöflun með eigindlegum aðferðum til að skilja að fullu hvaða samfélagslegu gildi minjastaðir hafa fyrir nærsamfélög á svæðinu. Slíkar aðferðir geta til að mynda falið í sér blöndu af eiginlegum viðtölum, rannsóknarhópum og athugunum þátttakenda. Auk þess geta skjöl, ljósmyndir og munnmæli komið að miklum notum við að draga upp eins heildstæða mynd og hægt er af staðnum og tengingum hans við nærsamfélögin í kringum hann (Jones, 2016). Með því að fá betri yfirsýn sem tekur mið af fjölbreyttum túlkunum á menningarlegu og samfélagslegu gildi og nota má fyrir skilvirkari stjórnunaráætlun fyrir minjastaði (Barile & Saviano, 2015).

Þessi viðhorf endurspeglast í HERIWELL-greiningunni á menningararfi sem uppsprettu hagsældar samfélaga. Heildarniðurstöðurnar sýna að „þátttaka borgaranna, sem samhöfunda minjaverkefna, er mjög mikilvæg til að niðurstaðan hafi áhrif á hagsæld samfélagsins (t.d. bættu færni, fylgisemd, samfélagsþátttöku, traust)“ (ESPON, 2021). Margvísleg félagasamtök og hópar geta einnig leikið mikilvægt hlutverk bæði við uppbygginguna og þátttöku samfélagsins og dreifstýringu á verkefnum á sviði menningararfleifðar. HERIWELL-verkefnið mælir með því að markaðar séu stjórnunarstefnur á sviði menningararfs þar sem fjölbreyttir aðilar, þvert á stefnusvið, séu fengnir að borðinu til að tryggja samhæfingu og auka mikilvægi menningarlegrar þátttöku (ibid).

3 Fyrri rannsóknir sem hafa þýðingu

Þessi kafli veitir stutt yfirlit yfir fyrri rannsóknir, sem gerðar hafa verið í tengslum við afstöðu bæði heimamanna og gesta til minjastaða eða minjasafna á Norðurlandi.

3.1 Ferða- og eyðsluvenjur erlendra ferðamanna í Mývatnssveit

RMF framkvæmdi fjölmargar kannanir meðal erlendra ferðamanna í Mývatnssveit á árunum 2013 til 2019 (Barðadóttir, 2020; Rögnvaldsdóttir, 2013, 2014, 2016, 2017, 2018). Því liggur fyrir góð tímalína um venjur erlendra ferðamanna á svæðinu, hvað þeir vilja sjá og í hvað þeir eyða peningunum sínum.

Flestir ferðamenn (84%) höfðu ákveðið að heimsækja Mývatn áður en þeir ferðuðust til Íslands. Helsta aðdráttarafi ferðamanna er náttúran og náttúrufegurðin en yfir helmingur svarenda sögðu náttúruna helstu ástæðuna fyrir heimsókn þeirra. Aðrar ástæður fyrir heimsókninni, sem gefnar voru upp, tengdust einnig náttúrunni eins og tilkomumikið landslag og fuglalíf. Meirihluti svarenda sagði náttúrulegt landslag Mývatns vera hápunkt heimsóknarinnar.

Nokkrir sögðu einnig sögu svæðisins og menningu vera ástæðu heimsóknar þeirrar. En í könnuninni 2019 sögðust aðeins um 5% að þeir hefðu farið á safn en það var lækkun úr 13% árið 2015. Þó að menningartengd útgjöld hafi hækkað órlítið í árunna rás eru þau enn einn lægsti kostnaðarliðurinn fyrir ferðamenn á svæðinu (Barðadóttir, 2020).

Því virðist menning og menningararfur ekki vera mikið aðdráttarafi fyrir ferðamenn á svæðinu í kringum Mývatn. En engar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvort fullnægjandi framboð sé á vörum, sem tengjast menningu og menningarafi, fyrir ferðamenn á svæðinu eða hvort áhersla á menningartengda ferðamennsku og minjastaði sé vannýtt tækifæri fyrir nærsamfélagið.

Í Covid-19-heimsfaraldrinum fækkaði komum erlendra ferðamanna til Íslands verulega eins og til annarra landa heimsins. Úr 2 milljónum ferðamönnum árið 2019 í 479.000 árið 2020 og 688.000 árið 2021 (Ferðamálastofa, ódagsett). Hagstofa Íslands áætlar að fjöldi erlendra ferðamanna til Íslands geti náð tölunum fyrir Covid strax árið 2024 ef aðstæður eru hagstæðar (Alþingi, 2021).

Ferðapjónusta er ein af mikilvægustu atvinnugreinunum í Skútustaðahreppi og fann svæðið fyrir afleiðingum heimsfaraldursins og fækkunar á erlendum ferðamönnum. Samkvæmt nýlegri rannsókn á afstöðu íbúa í Skútustaðahreppi til ferðapjónustu og áhrifa Covid-19 sögðu um 50% að heimsfaraldurinn hefði haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra og fjölskyldu þeirra. Auk þess sýndi heimsfaraldurinn mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir sveitarfélagið (Bjarnadóttir, 2021). Rannsóknin sýndi einnig að íbúar í Skútustaðahreppi bera enn jákvæðan hug í garð ferðapjónustunnar og eru hlynntir því að byggja greinina upp aftur. En þeir telja mikilvægt að leggja áherslu á að gera greinina sjálfbæra við uppbygginguna með því að byggja upp innviði og leita leiða til að gestir dvelji lengur á svæðinu (ibid).

3.2 Afstaða gagnvart íslenskum torfhúsum

Torfhús eru mikilvægur hluti af menningarafi Íslendinga. Nýleg rannsókn skoðaði afstöðu heimamanna og gesta til þessara minjastaða og skoðanir þeirra á nýtingu torfhúsanna í ferðapjónustu (Sigurðardóttir, 2020a, 2020b, 2020c). Niðurstöðurnar sýna að bæði erlendir og innlendir ferðamenn kunna að meta þessar gömlu byggingar og þá sýn sem þær varpa á hversdagslegt líf Íslendinga fyrr á tímum (Sigurðardóttir, 2020c).

Í netkönnun voru um 200 Íslendingar spurðir hvaða þýðingu torfhús hefðu fyrir þá og hvort þeir hefðu jákvæða eða neikvæða afstöðu til þeirra. Nánast allir (94%) sögðust hafa jákvæða afstöðu til húsanna. Að mati svarenda tengdust margvísleg viðfangsefni torfhúsunum; menningararfur Íslands, byggingarsaga, framþróun og handverk; heimilishald, þolgæði, sjálfsbjörg og gestrisni; miðlun upplýsinga um menningararf Íslands og sögu (ibid). Í ljósi sögulegs gildis torfhúsa nefndu flestir svarendur byggingarsögu á meðan aðrir sögðu að þau veittu innsýn í búsetuaðstæður Íslendinga í fortíðinni, að ekki væri hægt að segja sögu Íslands án þeirra auk þess hvað torfhúsin sýndu hversu náin og háð hin íslenska þjóð hefði alltaf verið náttúrunni (ibid).

Svipað var nefnt þegar spurt var um gildi torfhúsa fyrir ferðabjónustuna. Þegar spurt var hvort ferðabjónustan nýtti sér torfhúsin nægilega mikið töldu flestir að þau væru nýtt nægilega í dag (34%) en sumir töldu að gera mætti fleiri þeirra aðgengileg og nota fyrir heimsóknir ferðamanna (8%) (ibid). Að lokum sögðu flestir svarendur þegar kom að varðveislu torfhúsa að þeir vildu að allar tegundir torfhúsa yrðu varðveittar (58%) og vildu sumir að fleiri hús yrðu varðveitt til að viðhalda nauðsynlegri þekkingu og færni til að halda þeim í góðu ásigkomulagi (23%) (ibid).

Niðurstöður þessa viðamikla rannsóknarverkefnis sýna að bæði Íslendingar og erlendir gestir hafa áhuga á að heimsækja og upplifa menningararfinn, sem íslensku torfhúsin standa fyrir, þar sem þau búa yfir sögulegu fræðslugildi í tengslum við fortíð Íslands, um hvernig Íslendingar bjuggu og komust af.

3.3 Safngestir á Norðurlandi

RMF stóð fyrir gestakönnun meðal safngesta á Norðurlandi fyrir Visit North Iceland sumarið 2019 á 14 söfnum, sýningum og miðstöðvum á svæðinu, en meirihluta þeirra tengist menningararfi Íslands með einum eða öðrum hætti og var eitt þeirra Hvalasafnið á Húsavík.

Nánast fjórðungur (24%) svarenda voru innlendir ferðamenn, 20% voru Bandaríkjamenn og 16% Þjóðverjar. Af innlendu ferðamönnum komu flestir af höfuðborgarsvæðinu (56%). Gestirnir höfðu almennan áhuga á söfnum, bæði í heimalöndum sínum og á ferðalögum erlendis. Í heildina nefndu svarendur 39 söfn á Norðurlandi þegar þeir voru spurðir hvaða söfn þeir hefðu heimsótt (ibid).

Erlendir gestir fengu flestir upplýsingar um söfn úr ferðabókum og bæklingum (48%), 18% höfðu fengið upplýsingar af ferðasiðum eða bloggum á meðan aðrir voru bara á ferð um svæðið og ákváðu skyndilega að stoppa og skoða sig um (15%). Innlendir gestir sögðu að fjölskylda og vinir hefðu mælt með heimsókn á safnið (34%) á meðan aðrir höfðu komið þar áður (30%) eða voru á ferð um svæðið og ákváðu að stoppa og kíkja við (17%). Ferðabækur eða bæklingar virðast vera ein af árangursríkustu leiðunum fyrir íslensk söfn til að markaðssetja sig fyrir erlendum ferðamönnum en staðbundin þekking virðist vera áhrifaríkust þegar kemur að innlendum ferðamönnum (ibid).

Þegar þeir voru spurðir um helstu ástæðurnar fyrir heimsókninni sögðust flestir gestir hafa áhuga á að læra um menningu og samfélagssögu svæðisins, læra um íslenska menningu og upplifa fyrri tíma. Flestir sögðust mjög ánægðir með upplifunina á safninu (73%) og sögðu að þeir myndu mæla með því við fjölskyldu eða vini (90%). Tvær helstu ástæðurnar fyrir að mæla ekki með safninu voru að skortur væri á upplýsingum eða að þeir vildu upplýsingar á fleiri tungumálum á meðan aðrir sögðu að aðgangseyririnn væri of hár (ibid).

Tvær helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að ferðamenn sem heimsækja söfn, sýningar og miðstöðvar á Norðurlandi vilja fræðast meira um menningu og sögu landsins. Menning og sögulegir staðir laða að sér tiltölulega stóra lýðfræði ferðamanna, einkum frá Norður-Ameríku og Mið-Evrópu. Þær leiðir sem erlendir ferðamenn fá upplýsingar um söfnin sýna að mikilvægt sé að getið sé um söfn og minjastaði í ferðabókum og vefsíðum.

4 Aðferðafræði

Þessi rannsókn á samfélagsgildum minjastaða notaði blandaða aðferðafræði með meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum.

Gagnasöfnun rannsóknarinnar fór fram í þremur umferðum. Í fyrstu umferðinni voru tekin viðtöl við hagsmunaaðila á svæðinu í maí 2021. Hagsmunaaðilarnir voru valdir með markvissu úrtaki (Maxwell, 2013) á meðan viðmælendur voru valdir út frá fyrirfram ákveðnum forsendum sem skilgreindar voru í samstarfi við Minjastofnun. Haft var samband við sjö hagsmunaaðila frá sveitarfélögum tveimur, Vatnajökulsþjóðgarði og úr ferðaþjónustu á staðnum til að taka þátt í rannsókninni og féllust fimm þeirra á rannsóknarviðtal (sjá töflu 2), tveir frá sveitarfélögum, einn frá þjóðgarðinum og tveir úr ferðaþjónustunni. Viðtölin voru hálfopin (Crang & Cook, 2007) og viðtalsleiðbeiningar voru samdar fyrir hverja atvinnugrein þó að notaðar hafi verið grunnspurningar í öllum viðtölunum líkt og bakgrunnsupplýsingar, almennar hugmyndir um minjastaði og skoðanir á minjastaðnum Hofstöðum. Viðtölin voru 15-30 mínútur að lengd og fóru fram á íslensku. Viðtölin fóru öll fram í síma eða myndsiða vegna COVID-19.

Tafla 2: Viðtöl

Viðmælandi	Kyn	Nafn/starf
SH1	Karlmaður	Sveitarstjóri Skútustaðahrepps
SH2	Kvenmaður	Sveitarstjóri Þingeyjarsveitar
SH3	Kvenmaður	Þjóðvarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði
SH4	Karlmaður	Hóteleigandi, íbúi í Skútustaðahreppi
SH5	Karlmaður	Leiðsögumaður, íbúi í Þingeyjarsveit

Í annari umferð var haldin fundur hjá rannsóknarhópnum á Zoom í júní 2021 (sjá töflu 3). Meginmarkmið rannsóknarhópsins var að leiða saman íbúa svæðisins og ræða opinskátt um skoðanir þeirra á minjastaðum, gildi, sem þeir sáu í þeim, mögulega nýtingu ásamt sérhæfðari umræðu um minjastaðinn Hofstaði, þýðingu hans fyrir heimamenn og mögulegt nýtingargildi fyrir samfélagið. Viðtalsleiðbeiningar, sem byggðu á viðtölunum við hagsmunaaðila, voru notaðar á fundi rannsóknarhópsins til að skapa ramma fyrir fundinn en þess var einnig gætt að skapa rými fyrir þátttakendur til að láta eigin skoðanir og áherslur í ljós um umræðuefnið. Þátttakendur í rannsóknarhópnum voru allir íbúar annað hvort úr Skútustaðahreppi eða Þingeyjarsveit. Allir höfðu búið á svæðinu meirihluta ævinnar nema þátttakandi þrjú sem fluttist á svæðið árið 2002.

Tafla 3: Þátttakendur rannsóknarhóps

Þátttakandi	Kyn	Aldur	Lögheimili
FG1	Kvenmaður	30+	Skútustaðahreppur
FG2	Karlmaður	50+	Þingeyjarsveit
FG3	Karlmaður	60s	Þingeyjarsveit
FG4	Kvenmaður	20+	Skútustaðahreppur
FG5	Kvenmaður	50+	Þingeyjarsveit

Viðtölin og fundur rannsóknarhópsins voru tekin upp og umrituð og umritin greind og kóðuð til að bera kennsl á helstu þemu, hugmyndir og hugtök (Tayler et al., 2016).

Í þriðju umferð var netkönnun send út í september 2021 til íbúa í póstnúmerunum 640, 641, 645, 650 og 660. Póstlistinn samanstóð af netföngum, sem rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri hafði safnað, en hann sendi þátttakendum hlekk á könnunina með stuttu kynningarbréfi. Póstnúmerin 645, 650 og 660 eru að finna í sveitarfélögunum Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Vegna strjálbýlis í sveitarfélögunum var ákveðið að víkka svæði úrtaksins til Húsavíkur (póstnúmer 640/641) en það er nágrannasveitarfélag og næsta þéttbýlissvæði (íbúafjöldi um 2300). Netkönnuninni var skipt í fimm hluta; bakgrunnsupplýsingar (7), gildi minjastaða (6), nýtingu minjastaða (12), um minjastaðinn Hofstaði (8) og að lokum var ein opin spurning ef þátttakendur vildu bæta einhverju við (viðauki C). Niðurstöðurnar voru greindar út frá breytum eftir kyni, aldri og menntun (sjá töflu 4), en breytur höfðu ekki tölfræðileg áhrif á niðurstöðurnar, með nokkrum undantekningum sem greint er frá í niðurstöðuköflunum.

Viðtalsleiðbeiningarnar fyrir viðtölin við hagsmunaaðilana og fund rannsóknarhópsins (sjá viðauka A & B) ásamt könnunarspurningunum fyrir þriðju umferð gagnasöfnunarinnar voru búnar til í samráði við Minjastofnun. Auk þess var hliðsjón höfð af fyrri rannsóknum sem máli skipta.

Tafla 4: Lýðfræði svarenda netkönnunarinnar

Úrtak	505	%
Svör	129	25,5%
Kyn	Karlmenn	46,0%
	Kvenmenn	54,0%
Aldur	18-29	1,7%
	30-44	17,1%
	45-59	37,6%
	60+	43,6%
Menntun	Grunnskóli	28,0%
	Menntaskóli, verknám eða sambærilegt	36,0%
	Bakkalárgráða	24,8%
	Meistaragráða eða PhD	11,2%
Lögheimili (póstnúmer)	640	58,4%
	641	24,8%
	645	2,4%
	650	5,6%
	660	8,8%
Búsetulengd	1-3 ár	0,0%
	3-5 ár	3,2%
	5-10 ár	7,3%
	10+ ár	89,5%
Vinnur þú í ferðaþjónustu?	Já	15,9%
	Nei	83,3%
	Vil ekki svara	0,8%

5 Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um niðurstöður viðtalanna, fundar rannsóknarhópsins og netkönnunarinnar. Niðurstöðunum er skipt í fjóra hluta; miðlun á þekkingu, aukning á fjölbreytni atvinnutækifæra; nýting og stjórnun og að lokum minjastaðurinn Hofstaðir. Hin blandaða aðferðarfræði með eigindlegum og megingdlegum rannsóknaraðferðum, sem valin var fyrir verkefnið, var hönnuð til að fá góðan skilning á því hvaða mál þetta nærsamfélag setur í forgang þegar kemur að samfélagslegu gildi minjastaða á svæðinu. Mikilvægt er að fá fram sjónarmið fjölmargra hagsmunaaðila til greiningar þegar reynt er að leggja mat á hið margbrotna eðli samfélagslegs gildis fyrir tiltekinn hóp fólks.

Til að byrja með munum við skoða nánar hvernig þátttakendurnir útskýrðu skilning sinn á hugtakinu minjastað.

Svarendur netkönnunarinnar voru beðnir um að skrifa niður fyrstu þrjú orðin sem þeim komu í hug þegar þeir heyrðu orðið „minjastaður“. Fimm algengustu svörin voru: torfhúsið/safnið Grenjaðarstaður; gamlir munir; safn; saga; og eitthvað gamalt (gömul hús, gamlar byggingar, o.s.frv.). Auk þess gerðu nokkrir áhugaverðar tengingar við orð eins og óhreinindi, sunnudagsrúnt og uppgröft með teskeið (sjá mynd 2).


Mynd 2: Fyrstu þrjú orðin sem þátttakendur könnunarinnar tengdu við minjastaði¹



Meirihluti eða 75% svarenda var sammála eða frekar sammála fullyrðingunni um að hann væri stoltur af minjastöðum í sveitarfélaginu sínu (mynd 1). Svarendur með háskólagráðu (55%) voru líklegri til að vera algjörlega sammála fullyrðingunni samanborið við þá sem höfðu lokið grunnskóla- eða menntaskólanámi (42%).

¹ Helstu orð: Grenjaðarstaður & Þverá í Laxárdal; forminjar/fornlifur ; safn; saga; gamalt/gamlir/gömul; uppgroftur; varðveisla; verðmæti; menning.

Skýringarmynd 1: Stolt svarenda yfir minjastöðum í sveitarfélagi þeirra



Tengsl minja og minjastaða við menningu og sögu landsins var útbreidd meðal viðmælenda og þátttakenda í rannsóknarhópnum eða eins og einn aðilinn orðaði það: „staðurinn segir sögu okkar“ (FG5).

Viðmælendur töluðu ekki aðeins um tengslin í víðum og þjóðlegum skilningi heldur töluðu einnig um mikilvægi staðbundinna minjastaða og sögustaða. Eins og áður hefur verið minnst á er Mývatnssveit og sveitarfélögin tvö best þekkt fyrir einstaka náttúru og fallett landslag. Heimamenn eiga sér langa sögu um nýtingu náttúruauðlinda á svæðinu, eins og búskap, fiskveiðar og stíflugerð til að búa til rafmagn. Viðmælendur tengdu menningararf svæðisins við þessa sögu með skýrum hætti:

[Gildi minjastaða] er margþætt. Hið augljósa er tengingin við menningu og sögu landsins en að mínu viti nær það lengra. Ef við skoðum svæðið í kringum Mývatn, sem er mjög áhugavert í ljósi nýtingar á náttúruauðlindum, eru minjastaðir og staðarheiti og svo margir hlutir í umhverfinu sem veita okkur þekkingu á því hvernig þessar auðlindir voru nýttar og hvað þurfti til á viðkomandi stað til að gera það (SH1).

5.1 Þekkingarmiðlun

Þátttakendur könnunarinnar voru sammála um að minjastaðir hefðu sögulegt fræðslugildi og að mikilvægt væri fyrir íbúa svæðisins að þekkja sögu svæðisins (tafla 5). Það er áhugavert frá að segja hversu sammála fólk var um mikilvægi vitneskju íbúanna um sögu svæðisins en 94% sögðu að þeir væru sammála eða frekar sammála fullyrðingunni. Þátttakendur töldu einnig að minjastaðir í sveitarfélaginu þeirra hefðu mikið (27%) eða frekar mikið (43%) gildi þegar kæmi að sjálfsmynd íbúa svæðisins. Karlmennt (70%) voru síður líklegri til að telja að minjastaðir hefðu mikið eða frekar mikið gildi fyrir sjálfsmynd íbúanna en konur (84%).

Tafla 5: Fullyrðingar um sögulegt og fræðslugildi minjastaða

Fullyrðingar	Sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Ósammála	Veit ekki
Minjastaðir í sveitarfélaginu mínu hafa sögulegt gildi	55,3%	32,5%	5,3%	0,9%	0,9%	5,3%
Minjastaðir í sveitarfélaginu mínu hafa fræðslugildi	56,5%	33,9%	1,7%	0,9%	0,9%	6%
Það er mikilvægt fyrir íbúa sveitarfélagsins að þekkja sögu svæðisins	64,4%	30%	5,2%	0,9%	0%	0%

Stór hluti svarenda taldi þó vera skort á upplýsingum í boði um minjastaði í sveitarfélagi þeirra og sögðust 73% vera sammála eða frekar sammála fullyrðingunni (sjá töflu 6).

Tafla 6: Miðlun upplýsinga um minjastaði

Fullyrðing	Sammála	Frekar sammála	Hvorki né	Frekar ósammála	Ósammála	Veit ekki
Skortur er á upplýsingamiðlun um minjastaði í sveitarfélaginu mínu	24,8%	47,7%	15,6%	0,9%	2,8%	8,3%

Mikilvægt stef bæði í viðtölunum og rannsóknarhópnum var hvernig minjastaðir gætu þjónað við þekkingarsköpun. Margir fornleifauppgreftir hafa átt sér stað á svæðinu í áranna rás og mikið verið rannsakað. En líkt og svarendur netkönnunarinnar töldu viðmælendur að takmarkaðri þekkingu væri komið á framfæri við íbúana, einkum þegar uppgreftir og rannsóknarverkefnum lyki. Það leiddi til þess að sumir misstu tengingu við staðina:

Ég man ekki lengur allt sem mér fannst áhugavert þegar þeir voru að [grafa]. Svo nú, þegar þú ekur framhjá staðnum eða gengur yfir hann tekur þú ekki eftir staðnum lengur, nema kannski „já hér var Sveigakot og það hefur mikið verið rannsakað“ (FG1).

„Ef engin afurð verður til eða ef þú hefur enga ástæðu til að fara á staðinn að þá tapast [þekkingin] einhvern veginn. Það sem þú hélt að þú hefðir lært eða munað hverfur bara ef þú viðheldur ekki tengingunni eða ef það er ekki gert aðgengilegt“ (FG3).

Þátttakendur sögðu einnig að þeir teldu mikilvægt að skólar á staðnum kynntu nemendum sínum menningararf og minjastaði á svæðinu með virkum hætti. Með því að samþætta nýja þekkingu og upplýsingar frá fornleifarannsóknnum við námskrána færast sömuleiðis líf í hana hjá samfélaginu á staðnum. Að sama skapi töldu viðmælendur mikilvægt að börnum yrði ekki bara sagt frá minjastöðunum í kennslustofum heldur einnig með vettvangsferðum og virkara sambandi við menningararfinn. Verkefnið Fornleifaskóli barnanna stóð yfir um stund í einum af skólum Þingeyjarsveitar. Einn af þátttakendum rannsóknarhópsins hafði tekið þátt í því og sagðist telja að börnin hefðu haft áhuga á efninu og fitjað upp á því í umræðum heima hjá sér:


Þá fyllast [minjastaðirnir] lífi í samfélaginu og í samræðum og þetta verður eðlileg leið til að skilja umhverfið þitt (FG3).

Þekking fólks á umhverfi sínu og samfélagi getur styrkt tilfinningu þeirra fyrir staðnum og heimasveit. Einn viðmælandi sagði fáa eftir á svæðinu sem væru fæddir þar og uppaldir. Til að teljast heimamaður verður þú að búa yfir einhverri þekkingu um sögu svæðisins, staðarheiti, minjastaði eða tóftir. „Ef þú veist ekkert um það að þá er enginn munur á þeim sem eru fæddir hér og þeir sem hafa flust á svæðið“ (SH5).

5.2 Atvinnutækifæri

Það getur verið erfitt að mæla beinan ávinning af uppbyggingu minjastaða eða átta sig á heildaráhrifum þeirra. Þegar þeir voru spurðir hvort þeir teldu að nýting og uppbygging minjastaða hefði jákvæð áhrif á byggðapróun í sveitarfélaginu þeirra sagðist nánar helmingur þátttakenda könnunarinnar vera annaðhvort óviss (33%) eða ekki vita það (12%) (sjá skýringarm. 3).

Skýringarmynd 2: Minjastaðir og byggðapróun



Flest smærri samfélög eru stöðugt að reyna að skapa ný og fjölbreyttari atvinnutækifæri sem geta haft jákvæð og langvarandi áhrif á samfélagið. Þátttakendur voru sammála um að minjastaðirnir gætu skapað ný atvinnutækifæri, ekki síst fyrir fólk með æðri menntun. Þannig myndu nýir möguleikar verða til fyrir unga fólk, sem fór í burtu í háskólanám, til að snúa aftur heim og finna vinnu við sitt hæfi. Þannig gætu ný atvinnutækifæri á sviði fornleifafræði, sögu, menningarminja og tengdra greina skapað ný tækifæri fyrir fólk til að búa og starfa á svæðinu og greitt leiðina fyrir enn fleiri tækifæri í framtíðinni.


Því það er alltaf gott að fá fólk í samfélagið, jafnvel þó það sé aðeins tímabundið, til að sjá hlutina í öðru ljósi, auka gæði daglegs lífs og leggja sitt af mörkunum. Þá getur eitthvað orðið til sem aðrir geta tekið yfir og búið til eitthvað nýtt og þar fram eftir götunum (SH2).

Samkvæmt sveitarstjóra Þingeyjarsveitar hefur áhersla sveitarfélagsins í atvinnusköpun á svæðinu fæst hægt og bítandi á síðustu árum frá því að laða stóriðju að svæðinu yfir í smærri og fjölbreyttari atvinnustarfsemi.

5.3 Nýting og stjórnun

Í netkönnuninni voru 55% fólks sammála eða frekar sammála fullyrðingunni um að byggja ætti upp fleiri minjastaði og nýta þá í sveitarfélaginu. Því má segja að þátttakendur séu hlynntir því að fleiri minjastaðir séu byggðir upp á svæðinu þó að fjórðungur svarenda hafi verið hlutlaus í garð hugmyndarinnar (sjá skýringarmynd 3).

Skýringarmynd 3: Uppbygging minjastaða



Þátttakendur voru einnig spurðir nokkurra spurninga um hvað þeim fyndist um uppbyggingu og nýtingu minjastaða í sveitarfélaginu. Fyrsta röð spurninganna var um hvað þeir teldu mikilvægt að hafa í huga við uppbyggingu og nýtingu á minjastöðum þegar kæmi að þjónustu í boði, aðgengi að staðnum og miðlun upplýsinga um staðinn (sjá töflu 6).

Þegar kom að þjónustu í boði á staðnum var salernisaðstaða talin mikilvægust þar sem 73% þátttakenda settu hana í fyrsta sæti en í kjölfarið kom fastur opnunartími og sérstök svæði fyrir lautarferðir. Konur lögðu aðeins meiri áherslu á salernisaðstöðu og svæði fyrir lautarferðir en karlmenn og karlmenn lögðu aðeins meiri áherslu á fastan opnunartíma og veitingasölu en konur.

Hvað varðar aðgengi að minjastöðunum voru bílastæði talin mikilvægust en 54% settu þau í fyrsta sæti en þar á eftir komu gönguslóðar og hjólastólaaðgengi. Þrátt fyrir sömu röðun eftir að svörin höfðu verið vegin settu fleiri hjólastólaaðgengi í fyrsta sæti (26%) en gönguslóða (19%) þar sem tvímælalaust fleiri konur (33%) en karlmenn (16%) settu það í fyrsta sæti.

Hvað varðar miðlun upplýsinga um staðina settu flestir upplýsingaskilti í fyrsta sæti (77%) en þar á eftir komu skoðunarferðir með leiðsögn og fræðsla. Konur voru líklegri til að leggja meiri áherslu á sýningu um staðinn en karlmenn.

Tafla 7: Atriði sem fólk telur mikilvægt að hafa í huga við uppbyggingu á minjastöðum

Veldu hvaða atriði þú telur mikilvægt að hafa í huga við uppbyggingu og nýtingu á minjastöðum						
Einkunn*	1	2	3	4	5	6
Þjónusta í boði	Salerni	Fastur opnunartími	Svæði fyrir lautarferðir	Veitingasala	Sala á minjagripum	Á ekki við
Aðgengi að staðnum	Bílastæði	Gönguslóðar	Hjólastólaaðgengi	Hvöldarsvæði með bekkjum/stólum	Skýli (innandyra)	Á ekki við
Miðlun	Upplýsingaskilti	Skoðunarferðir með leiðsögn	Fræðsla (fyrirlestrar, o.s.frv.)	Stafræn miðlun, t.d. með snjallsímum	Sýning um staðinn	Leiðsögn á hljómbandi

* Þátttakendur voru beðnir um að gefa valkostunum einkunn á bilinu 1 (mikilvægast), 2 (næst mikilvægast) og svo framvegis. Svörin voru vegin og þeim raðað því til samræmis.

Þegar fólk var spurt hver ætti að standa straum af kostnaði við uppbyggingu á minjastöðum sögðu flestir eða 47% að ríkið ætti að fjármagna uppbygginguna en 36% svarenda settu sveitarfélagið í annað sæti. Aðrar tillögur voru blönduð fjármögnun opinberra og einkaaðila (21% settu hana í fyrsta sæti), fjármögnun þeirra sem vilja nota staðinn, landeigenda svo einhverjir séu nefndir. Svipuð röðum birtist þegar þátttakendur voru spurðir hver ætti að standa straum af rekstrarkostnaði minjastaða, þó að röðunin hafi ekki verið eins greinileg en 33% settu ríkið í fyrsta sæti og 30% þá sem vilja nýta staðinn (sjá töflu 7). Karlmenn voru líklegri til að forgangsraða „þeim sem vilja nýta staðinn“ og „fjármögnun einkafyrirtækja eða einstaklinga“ en konur voru líklegri til að forgangsraða sveitarfélaginu en karlmenn.

Tafla 8: Hver ætti að bera kostnaðinn af uppbyggingu og rekstri minjastaða?

Hver ætti að bera kostnaðinn af eftirfarandi:							
Einkunn*	1	2	3	4	5	6	7
Uppbygging minjastaða?	Ríkið	Sveitarfélagið	Blönduð fjármögnun (opinberir og einkaaðilar)	Sá sem vill nota staðinn	Landeigendur	Fjármögnun einkafyrirtækja eða einstaklinga	Koma ætti á fót sérstökum sjóði
Rekstur minjastaða?	Ríkið	Sveitarfélagið	Blönduð fjármögnun (ríki/einkaaðilar)	Sá sem vill nota staðinn	Landeigendur	Fjármögnun einkafyrirtækja eða einstaklinga	Koma ætti á fót sérstökum sjóði

* Þátttakendur voru beðnir um að gefa kostunum einkunn frá 1 (mikilvægast), 2 (næst mikilvægast) og svo framvegis. Svörin voru vegin og þeim raðað því til samræmis.

Þátttakendur voru sammála um að minjastæðir væru vannýttir á svæðinu. Þátttakendur ræddu einnig um tenginguna á milli náttúruverndar og verndunar og stjórnunar á minjastöðum og hvernig það tvennt verður að fara saman. Staðreyndin er sú að mikið var rætt um mikilvægi tengingarinnar á milli verndunar minjastaða og náttúrusvæða í kringum þá í tengslum við nýtingu og uppbyggingu minjastaða. Litið var á slíkt sem mikilvæga undirstöðu fyrir uppbyggingu á samfélaginu:

Þetta snýst um hvernig samfélag við viljum byggja upp til framtíðar [...] ég tel einnig ákjósanlegt að slíkt sé hluti af framtíðarsýn okkar; að vilja varðveita minjastaði og fræða fólk, bæði heimamenn og gesti um þá. Ég tel að slíkt væri góð viðbót við ímynd okkar og samfélag, til að efla það enn frekar (FG4).

Til að auk aðgengi fólks að minjastöðum og gera þá sýnilegri gestum sögðu viðmælendur að mikilvægt væri að tryggja að allir nauðsynlegir innviðir væru til staðar áður en staðirnir væru opnaðir fyrir ferðamönnum og heimamönnum. Þeir lögðu áherslu á að nauðsynlegt væri að leggja mat á hvern og einn stað sérstaklega, kanna möguleika hans og hvernig gera megir hann aðgengilegan án þess að stefna gildi hans í voða. Þar átti fólk við að tryggja þyrfti jafnvægi við mat á þörfum staðarins, góðu aðgengi að honum og hvernig koma megir sögu hans á framfæri. Einnig var lögð áhersla á að ekki ætti að endurgera alla staði eða gera þá aðgengilega.

Ég tel að það sé mikilvægt að leggja mat á staðina með það að markmiðið að komast að því hverju þeir ráða við [hvað varðar umferð]. Nýting staðanna fylgir þá eiginlega í kjölfarið; á að nota þá með því að fólk fari í eigin persónu þangað eða má nota einhvers konar sýndarveruleika? (FG3).

Það er í lagi ef aðeins er hægt að fara á suma staði með leiðsögumanni í stað þess að skoða þá á eigin spýtur. Við ættum að geta stjórnað slíku. Þar sem hægt er að velja um svo marga kosti við stjórnun heimsóknna til mismunandi staða eftir því hverju þeir ráða við og hvernig þeir eru byggðir upp (FG5).

Annað atriði, sem þátttakendur minnstust á, var nauðsyn þess að horfa á heildarmyndina við val á því hvaða minjastaði eigi að byggja upp eða koma á framfæri. Hvers kyns sögur vill fólk segja, hverra sögur ætti að segja og hvernig? Þar sem það er ekki fýsilegt að byggja upp alla minjastaði á svæðinu verður val á stöðum mikilvægt, ekki bara af fyrrgreindum ástæðum, heldur einnig ákveða að marka stefnur um staðina, sem eru valdir fyrir uppbyggingu á viðkomandi svæði.

Áður en við byrjum að markaðssetja [minjastaðina] þurfum við að velja fyrir okkur hvernig við ætlum að gera það. Viljum við draga fram tiltekna staði, vera með tiltekna stefnu eða tiltekna staði því ekki er hægt að vekja athygli á öllum stöðum [...] Það má sjá á stöðum erlendis þar sem ef til vill er gömul venja þar sem allt er búið til úr viði og það verður einhvern veginn þema staðarins [...] Svo upplifunin er að þú ert á skógi vöxnu svæði sem hefur byggt afkomu sína á trjánum (SH2).

Auk þess vaknaði sú spurning hveir sögu væri verið að segja. Vinsælir minjastaðir eins og torfhúsin á Grenjaðarstað og Laufási² eru dæmi um hús sem byggð voru velmagnandi fólki úr samfélaginu, „það sýnir mjög brenglaða mynd af búsetuháttum fólks“ (FG5). Margir viðmælendur nefndu gömlu, litlu yfirgefnu heiðarbýlin og þá möguleika sem þær rústir hefðu til að segja sögu alþýðufólks, sem var að reyna að komast af á 19. öld á Íslandi. Það á ekki bara við þessu yfirgefnu býli heldur almennt um að halda sögu fólksins sem byggði svæðið á lífi. Sögu heimamanna sjálfra.

Almennt var einhugur um að nýir áfangastaðir á svæðinu, sem myndu vekja áhuga og laða að ferðamenn, væru jákvæður hlutur, bæði fyrir ferðaþjónustu á staðnum og samfélagið í heild.

Ef staðirnir yrðu að ferðamannastöðum að þá myndi það fjölga áfangastöðunum og myndi valda því að ferðamenn dveldu lengur á svæðinu og eyddu þar með meiri peningum og nýttu sér meira af þjónustu í boði (FG1).

Þar sem áhersla ferðaþjónustunnar á svæðinu beinist að verulegu leyti að náttúrunni er menningararfur svæðisins að nokkru leyti á hliðarlínunni. Samkvæmt þátttakendum gæti aukning á fjölbreytni þeirra vara, sem ferðamönnum standa til boða, verið jákvæð og með því að gera minjastaðina aðgengilegri ferðamönnum „verða þeir einnig aðgengilegri fyrir heimafólkið“ (FG4).

Leiðsögumaður sagði að þó að viðskiptavinir hans væru almennt á höttunum eftir einstakri og ósnertri náttúru væri mikilvægt að horfa ekki fram hjá gildi þess að tengja sögur um fólk og menningu staðarins við landslagið, sögur af staðnum um hvernig fólk komst lífs af í erfiðum aðstæðum. Saga Íslendinga er mjög tengd náttúrunni sem þeir bjuggu í. Því er mikilvægt að segja sögur af því hvernig þeir bjuggu, hvernig þeir notuðu auðlindirnar, sem þeim stóðu til boða, og þau ummerki sem þeir skildu eftir í landinu. Annar viðmælandi sagði einnig að ef gestir sjái að áhersla sé lögð á menningu og menningararfleifð svæðis og slíkt sé haft í heiðri kunnri þeir betur að meta menninguna og menningararfleifðina og munu því meta og virða svæðið í meira mæli.

5.4 Minjastaðurinn Hofstaðir

Nokkrir þátttakendur í rannsókninni höfðu kynnt sér vel minjastaðinn Hofstaði. Flestir voru meðvitaðir um sögu staðarins og fornleifauppgröft þar en fáir kunnu skil á núverandi landnýtingaráætlun staðarins. Það, með nokkrum undantekningum, átti bæði við um þátttakendur í netkönnuninni (sjá töflu 8) og viðmælendur.

Tafla 9: Hversu góða þekkingu hafa svarendur á minjastaðnum Hofstöðum?

	Já	Aðeins að litlu leyti	Nei
Hefur þú fylgst með fornleifarannsóknunum á Hofstöðum?	5,9%	55,4%	38,6%
Þekkir þú sögu Hofstaða?	7,9%	42,6%	49,5%
Hefur þú kynnt þér núverandi landnýtingaráætlun fyrir Hofstaði?	1,9%	18,4%	79,6%

En þegar þeir voru spurðir hvort þeir teldu að uppbyggingin á minjastaðnum Hofstöðum myndi hafa jákvæð áhrif á íbúa svæðisins svöruðu 64% því játandi. Að sama skapi voru flestir (57%) sammála því að uppbygging staðarins gæti haft jákvæð áhrif á hið nýsameinaða sveitarfélag, Skútustaðahrepp og Pingeyjarsveit, ásamt á ferðaþjónustufyrirtæki á staðnum (82%).

² Grenjaðarstaður og Laufás eru söfn og minjastaðir á Norðurlandi þar sem finna má gömul torfhús. Grenjaðarstaður í Aðaldal er í Pingeyjarsveit á meðan Laufás er nálægt Akureyri í Eyjafirði.

Tafla 10: Jákvæð áhrif í tengslum við minjastaðinn Hofstaði

	Já	Nei	Veit ekki
Telur þú að uppbygging Hofstaða gæti haft jákvæð áhrif á íbúa svæðisins?	63,7%	2,9%	33,3%
Telur þú að uppbygging Hofstaða gæti haft jákvæð áhrif á nýja sveitarfélagið sem varð til við samrunann?	57,3%	4,9%	37,9%
Telur þú að uppbygging Hofstaða gæti haft jákvæð áhrif á ferðamennsku á staðnum?	81,6	1,9%	16,5%

Þegar svarendur netkönnunarinnar voru spurðir hvers konar uppbyggingu þeir myndu vilja sjá á Hofstöðum nefndu flestir betra aðgengi að staðnum, betri miðlun upplýsinga, gönguslóða, upplýsingaskilti um staðinn og sýningu um sögu Hofstaða. Aðrir nefndu frekari rannsóknir og nýtingu á aðstöðu staðarins við rannsóknir.

Nokkrir nefndu einnig stafrænar lausnir við upplýsingamiðlun:

Upplýsingar um sögu og fyrri lifnaðarhætti með stafrænum lausnum sem bæði er hægt að skoða án þess að vera á staðnum en virka til fulls við komu. Kenningar um húsin á stafrænu sniði sem hægt er að nálgast í gegnum síma með því að beina myndavélinni að umhverfinu (svarandi á netinu, kona á fimmtugsaldri).

Viðmælendur og þátttakendur í rannsóknarhópnum voru einnig jákvæðir um uppbyggingu framtíðarinnar á minjastaðnum Hofstöðum. Margir töldu að staðurinn gæti haft veruleg áhrif á nærsamfélagið, einkum ef uppbyggingin á sér stað með réttum hætti og í samstarfi við viðeigandi hagsmunaaðila. Nýr áfangastaður á svæðinu gæti líka skapað frábært tækifæri fyrir ferðaþjónustu á staðnum.

Viðmælendur úr ferðaþjónustu sögðu að þeir væru mjög jákvæðir fyrir nýjum minjatengdum ákvörðunarstað fyrir viðskiptavinum sína. Þó ferðamenn komi aðallega til Mývatns til að upplifa náttúruna myndi staður sem leggur áherslu á menningararfleifð svæðisins vera góð viðbót til að auka fjölbreytni valkosta í boði á svæðinu.

Mikilvægustu atriðin fyrir ferðaþjónustu eru aðgengileiki og fyrirsjáanleiki.

Ef ég tala aðeins fyrir ferðaþjónustuna eru tvö atriði verulega mikilvæg. Annarsvegar aðgengi að staðnum og hins vegar viss fyrirsjáanleiki í rekstri staðarins, hvenær hann er opinn og álíka. Að hann sé ekki bara opinn í einn dag því einhver vill halda sýningu þar heldur að við vitum að hann verði í rekstri næstu tvö árin. Opinn á þessum tímum og lokaður á þessum (SH4).

Öðrum atriðum svipar til þeirra sem komu fram í netkönnunni um hvers kyns þjónusta væri mikilvæg fyrir uppbyggingu á minjastaðnum. Aðgengi að salernum, afdrepi og hægt sé að kaupa kaffi eða setjast niður til að borða hádegisverð.

Þátttakendur í rannsóknarhópnum áttu í liflegum samræðum um möguleika þess að nota stafrænar lausnir til að koma upplýsingum um staðinn á framfæri við gesti. Þeir töldu að staðurinn væri fullkominn fyrir slíka miðlun því þar eru fjölmargar tóftir sem leikmenn koma ekki svo glögg auga á og sýna ekki með skýrum hætti hvernig byggingar og önnur mannvirki á staðnum litu út. Ef hægt væri að nota stafrænar lausnir, eins og sýndarveruleika eða snjalltæki, til að veita betri hugmynd um byggingarnar og umhverfi þeirra væri það áhugaverð leið fyrir gesti til að upplifa staðinn og hverfa aftur til fortíðar. Það þarf ekki að þróa stafrænar lausnir í einu veffangi heldur mætti gera þær að langtímamarkmiðum fyrir staðinn. En þegar þær hafa verið innleiddar gætu þær „eft sjálfsálit heimamanna“ (FG5). Auk þess var rætt um hvernig nota mætti kynngimagnaðar frásagnir til að miðla upplýsingum og fá fólk til að upplifa söguna sem verið er að segja því.

Þegar uppbyggingu staðarins lýkur gæti hann einnig aukið stolt heimamanna af svæðinu:

Ég gæti ímyndað mér að þegar lokið hefur verið við [staðinn] munum við finna fyrir sterkari tengingu við staðinn og geta verið stolt af minjastaðnum og varðveislu hans (FG1).

6 Umræður og tillögur

Þegar rætt er um samfélagslegt gildi og hagsæld í tengslum við minjastaði voru þátttakendur sammála um að minjastaðir hefðu getu til að stuða að tengingu við stað og/eða fylgisemd, þeir gætu verið tenging á milli fortíðar og nútíðar og ef þeir eru hagnýttir gætu þeir skapað nærsamfélaginu ávinning eins og fjölbreyttara samfélag, atvinnutækifæri og þekkingu um umhverfi sitt. Það er í samræmi við það sem rætt var um í kafla 2.1 þar sem Du Cross & Kercher (2015) ræða um ávinninginn af menningartengdri ferðapjónustu fyrir hagsæld samfélagsins og telja upp svipaða þætti líkt og atvinnusköpun, uppbyggingu á getu, stolt samfélagsins, viðhald á hefðum og eflingu sjálfsmyndar (sjá einnig Jones, 2016).

Þátttakendur könnunarinnar voru almennt jákvæðir gagnvart minjastöðum í nærumhverfi þeirra. En þeir telja að skortur sé á aðgengi bæði að stöðunum og upplýsingum um þá. Því myndu heimamenn taka nýtingu og uppbyggingu minjastaðarins Hofstaða og annarra áhugaverðra minjastaða á svæðinu fagnandi. Bæði þeir íbúar og hagsmunaaðilar sem rætt var við í rannsókninni telja mikilvægt að horfa á heildarmyndina við val og uppbyggingu á minjastöðum á svæðinu. Það þarf að hafa hliðsjón af þáttum eins og aðgengileika og viðkvæmni minjastaða og náttúrunnar í kringum þá og mikilvægi þeirra fyrir nærsamfélagið því það henta ekki allir staðir fyrir uppbyggingu. Þátttaka t.d. hagsmunaaðila á staðnum, bæði íbúa og sérfræðinga, getur verið gagnleg við að móta stefnur eða leiðir fyrir sveitarfélagið þegar kemur að menningararfi og að ákveða hvaða stöðum eða verkefnum eigi að úthluta fjármagni.

Auk þess er staðbundin þekking um sögu og menningararf svæðisins, fjármagn í boði og hvernig það var notað og útkomu verkefnanna allt mikilvægar upplýsingar til að hafa við höndina við áætlanagerð og tækifæri framtíðarinnar. Því þetta snýst ekki bara um að þekkja söguna og búa yfir upplýsingunum heldur koma þeim í gagnið í nútímanum.

Segja má að tengslin á milli minjastaða, samfélagslegs gildis og hagsældar íbúa séu samtvinnuð því þau veita fólki tilfinningu um að tilheyra staðnum og samfélaginu, tengingu við fortíðina sem getur vísað því veginn fram á við og skapað ný tækifæri fyrir samfélagið. Samkvæmt þátttakendum okkar eru eftirfarandi atriði mikilvæg til að minjastaðir komi nærsamfélaginu til góða: efla tengsl íbúanna við staðina sjálfa; finna leiðir til að halda áfram miðlun upplýsinga um staðina eftir fornleifauppgroft og rannsóknir; líta á uppbyggingu minjastaðarins sem virðisauka fyrir samfélagið vegna aukinnar þekkingar og atvinnusköpunar. Það er einnig áhugavert að hafa í huga að uppbygging minjastaða og sú atvinna sem slík verkefni skapa ríma vel við atvinnustefnur sveitarfélagsins fyrir svæðið.

Það virðist vera einhugur meðal svarenda að það sé á ábyrgð ríkisins og sveitarfélaga að byggja upp, reka og stjórna minjastöðum á svæðinu. Í reynd myndi slíkt líklegast falla undir ríkisrekna og staðbundnar stofnanir á menningar- og minjasviðinu eins og Minjastofnun og álíka stofnanir. Þessar niðurstöður víkja að verulegu leyti frá niðurstöðum rannsóknarverkefnisins um torfhús á Íslandi. Aðeins 13% svarenda taldi að ríkið eða sveitarfélög ættu að standa straum af kostnaði við varðveislu torfhúsa og sögðu 40% að slíkt ætti að vera blanda af fjármögnun opinberra og einkaaðila (Sigurðardóttir, 2020b).

Það getur einnig verið mikilvægt að þróa kraftmiklar leiðir við upplýsingamiðlun til að uppfylla þarfir gesta svo að uppbygging minjastaðar beri árangur. Ef boðið er upp á skoðunarferðir með leiðsögn, fyrirlestra, sýningar og hljóðleiðsögn til viðbógar við upplýsingaskilti á staðnum getur það verið góð leið til að tengja gesti við staðinn og sögu hans. Þátttakendur kölluðu einnig eftir betri upplifun, til dæmis með sýndar- eða viðbótarveruleikataækni, QR-kóðum eða frásögnum. Á stöðum eins og minjastaðnum Hofstöðum, þar sem það getur verið erfitt fyrir þá sem þekkja ekki staðinn að átta sig á því hvað þeir eru að horfa á, getur sjónræn leiðsögn eða upplifunarfrásögn hjálpað til við að glæða staðinn lífi.

Samfélagslegt gildi minja og minjastaða er mismunandi á milli samfélaga. Það getur verið að íbúar forgangsraði mismunandi hlutum í umhverfi sínu og sögu. Því er mikilvægt að gefa sér tíma við greiningu á slíku í nærsamfélögum til að bera kennsl á viðeigandi hagsmunaaðila og hlusta á hvaða þætti eða hluti þeir setja í forgang áður en stöðluðum stefnum er hrundið í framkvæmd eða gengið er í að byggja upp nýja minjastaði (Jones, 2016; Parga-Dans, Gonzáles & Enríques, 2020). Þar sem það eru svo mörg vannaýtt tækifæri við uppbyggingu og stjórnun minjastaða á svæðinu er mikilvægt að vanda sig við val á stöðum til frekari uppbyggingar, hvaða þýðingu slíkir staðir hafa fyrir svæðið og íbúa þess og hvernig þeir geti stuðlað að frekari uppbyggingu nærsamfélagsins sem þeir eru hluti af.

Áður en lengra er haldið er þörf á frekari rannsóknum á ávinningnum af uppbyggingu minjastaða á svæðinu og/eða búa til stefnur um miðlun upplýsinga um staðina. Í mörgum tilvikum er þörf á verulegu fjármagni til að hrinda í framkvæmd þeim málum sem þátttakendur ræddu um og vöktu máls á. Það getur skipt sköpum að hafa nauðsynlegar upplýsingar til að rökstyðja ávinninginn af uppbyggingu minjastaða til að tryggja nauðsynlegt fjármagn.

Að lokum viljum við draga fram eftirfarandi tillögur um aðgerðir stefnumótandi aðila á staðnum og minjastofnana eins og MS.

TILLAGA

Búa til minjastjórnunaráætlun fyrir sveitarfélagið

Það eru mörg vannýtt tækifæri í tengslum við minjastaði í Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit. Því gæti verið ákjósanlegt að búa til minjastjórnunaráætlun fyrir nýja sveitarfélagið sem varð til við samrunann. Hún ætti að innihalda greiningu á þeim fjölmörgu minjastöðum, sem þegar hafa verið rannsakaðir á svæðinu, og bera kennsl á hvaða staðir geti falið í sér tækifæri til frekari uppbyggingar.

TILLAGA

Kynna minjastaði í sveitarfélaginu fyrir skólabörnum

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er skortur á miðlun upplýsinga um minjastaði til nærsamfélagsins auk þess sem rof er á milli minjasviðsins, minjastaða og íbúa. Sveitarfélagið ásamt minjastofnunum eða samtökum ætti að velta fyrir sér að kynna minjastaði á svæðinu í auknum mæli í skólum á svæðinu ásamt því að bjóða nemendum í vettvangsferðir til staðanna. Fyrirkomulag slíkra verkefna hefur þegar verið ákveðið á svæðinu og því snýst þetta bara um fjármögnun og bjóða öllum skólum á svæðinu að taka þátt.

TILLAGA

Blása lífi í minjastaði með kraftmiklum stefnum um miðlun upplýsinga

Það getur verið erfitt fyrir venjulega leikmenn að átta sig á grasi þöktum haugum, lágum torfveggjum og skörðum í jarðvegi, einkum þegar þeir heimsækja staði þar sem flestar tóftirnar eru enn neðanjarðar. Því ætti að huga að nýjum og kraftmiklum stefnum um miðlun upplýsinga eins og sýndar- og viðbótarveruleika fyrir uppbyggingu á minjastaðnum Hofstöðum. Fjölbreyttar stafrænar lausnir eins og QR-kóðar og snjalltæki geta einnig hjálpað til við að blása lífi í sögu staðarins, bæði fyrir heimamenn og gesti. Frásagnir þar sem lögð er áhersla á upplifun og ítarlegir uppdrættir geta einnig verið dýrmæt verkefni til að ná til gesta.

Heimildir

- Alpingi. (2021). Fjármálaáætlun 2022-2026. Sótt á <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Fj%c3%a1rm%c3%a1la%c3%a1%c3%a6tlun%2020222026.pdf>
- Barðadóttir, Þ. (2020). *Erlendir ferðamenn í Mývatnssveit sumarið 2019. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Ferðamálastofa.
- Barile, S., & Saviano, M. (2015). From the Management of Cultural Heritage to the Governance of the Cultural Heritage System. Í *Cultural Heritage and Value Creation. Towards New Pathways* (bls. 71–104). Springer.
- Bjarnadóttir, E.J. (2021). *Viðhorf heimamanna á tímum Covid-19 – Skútustaðahreppur*. Ferðamálastofa.
- Boyd, S. (2001). Cultural and heritage tourism in Canada: Opportunities, principles and challenges. *Tourism and Hospitality Research*, 3(3), 211–233.
- Evrópuráðið. (2005). *Council of Europea Framework Convention on the Value of Cultural Heritage for Society*. Evrópuráðið.
- Crang, M., & Cook, I. (2007). *Doing Ethnographies*. SAGE Publications.
- Darvill, T., Barrass, K., Drysdale, L., Heaslip, V., & Staelens, Y. (2019). Introduction: Heritage and well-being. In *Historical Landscapes and Mental Wel-being*. Archaeopress Publishing Ltd.
- du Cros, H., & McKercher, B. (2015). *Cultural Tourism* (2nd ed.). Routledge.
- Dümcke, C., & Gnedovsky, M. (2013). *The Social and Economic Value of Cultural Heritage: Literature review*. European Expert Network on Culture (EENC).
- ESPON. (2020). *Measuring economic impact of cultural heritage at territorial level: Approaches and challenges* [Vinnuskjal]. ESPON. Sótt á <https://www.espon.eu/working-paper-cultural-heritage>
- ESPON. (2021). *HERIWELL – Cultural Heritage as a Source of Societal Well-being in European Regions* [Lokadrög að skýrslu]. ESPON. Sótt á <https://www.espon.eu/HERIWELL>
- Harrison, R. (2013). Critical heritage studies and the discursive turn. Í *Heritage: Critical Approaches*. Routledge.
- Harvey, D. (2008). The History of Heritage. In B. Graham & P. Howard (Eds.), *Heritage and Identity* (1. útg., bls. 20–36). Routledge.
- Ferðamálastofa. (ódagsett). *Numbers of foreign visitors*. Sótt á <https://www.ferdamalastofa.is/en/research-and-statistics/numbers-of-foreign-visitors>
- Ireland, T., & Schofield, J. (2015). The Ethics of Cultural Heritage. Í *The Ethics of Cultural Heritage*. Springer.
- Jones, S. (2017). Wrestling with the Social Value of Heritage: Problems, Dilemmas and Opportunities. *Journal of Community Archaeology & Heritage*, 4(1), 21–37. <https://doi.org/10.1080/20518196.2016.1193996>
- Lowenthal, D. (1985). *The Past is a Foreign Country*. Cambridge University press.
- Lucas, G. (2009). *Hofstaðir. Excavations of a Viking Age Feasting Hall in North-Eastern Iceland*. Fornleifastofnun Íslands.
- Lucas, G. (8. september 2020). *Hofstaðir. Rannsóknir 1992-2020*. <https://www.youtube.com/watch?v=JZleq4eqVIM>
- Minjastofnun. (ódagsett). *Archaeological heritage*. Minjastofnun Íslands. Sótt á <https://en.minjastofnun.is/cultural-heritage/archaeological-heritage/>
- Minjastofnun. (2017). *Hofstaðir í Mývatnssveit. Deiliskipulag* (Greinargerð). Minjastofnun Íslands.

- Parga-Dans, E., González, P. A., & Enríquez, R. O. (2020). The social value of heritage: Balancing the promotion-preservation relationship in the Altamira World Heritage Site, Spain. *Journal Of Destination Marketing & Management*, 18, 1–13.
- Richards, G. (2021). *Rethinking Cultural Tourism*. Edward Elgar Publishing.
- Rögnvaldsdóttir, L. B. (2013). *Fémæti ferðaþjónustu. Rannsókn á efnahagslegum áhrifum ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslu*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, L. B. (2014). *Tourism Data Collection—Analysis as the sub-national level in Iceland*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, L. B. (2016). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2015. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, L. B. (2017). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2016. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Rögnvaldsdóttir, L. B. (2018a). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar* (RMF S-17-2018; pp. 1–24). Rannsóknamiðstöð ferðamála. http://www.rmf.is/static/research/files/rf_nidurstodur-2017_myvatn.pdf
- Rögnvaldsdóttir, L. B. (2018b). *Erlendir gestir í Mývatnssveit sumarið 2017. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Sigurðardóttir, S. (2020a). *Gestir meta torfbæi*. Háskólinn á Hólum.
- Sigurðardóttir, S. (2020b). *Torfbýggingar í ferðaþjónustu, viðhorf og hugmyndir*. Háskólinn á Hólum.
- Sigurðardóttir, S. (2020c). *Viðhorf til nytja- og minjagildis torfhúsa*. Háskólinn á Hólum.
- Taylor, S. J., Bogdan, R., & DeVault, M. L. (2016). *Introduction to Qualitative Research Methods: (4. útg.)*. Wiley.
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2021). *Verkefnaáætlun 2021-2023. Stefnunarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Retrieved from [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Lands%c3%a1%c3%a6tlun%20Verkefna%c3%a1%c3%a6tlun%202021-2023%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Lands%c3%a1%c3%a6tlun%20Verkefna%c3%a1%c3%a6tlun%202021-2023%20-%20Copy%20(1).pdf)
- Vésteinsson, O. (1996). *Fornleifaskráning í Skútustaðahreppi I: Fornleifar á Hofstöðum, Helluvaði, Gautlöndum og í Höragsdal* (No. FS022-96011). Fornleifastofnun Íslands.
- Vilhjálmsson, V. (2019). *Söguferðaþjónusta á Norðurlandi. Könnun meðal ferðamanna á söfnum, setrum og sýningum*. Markaðsstofa Norðurlands.
- Zhu, Y. (2021). *Heritage Tourism. From Problems to Possibilities*. Cambridge University press.
- Þjóðskrá. (2022). *Fjöldi íbúa eftir sveitarfélögum 1. Febrúar 2022 (og samanburður við íbúatölur 1. Desember 2019-2021)*. Þjóðskrá. Retrieved from <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2022/02/02/lbuafjoldi-ef-tir-sveitarfelogum-februar-2022/>

Kort

Minjastofnun Íslands. (2022). [Staðsetning sveitarfélaganna Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og Vatnajökulsþjóðgarðs á Íslandi].

Viðaukar

Viðauki A: Viðtalsleiðbeiningar – hagsmunaaðilar

Persónulegt

- Hver er þín tenging við svæðið? (Skútustaðahrepp/Mývatnssveit)
- Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar minnst er á minjastaði?
 - Hvað standa þeir fyrir í þínum huga?
 - Hvaða gildi hafa minjastaðir fyrir þig
- Hefur þú eitthvað fylgst með fornleifa uppgreftrum á þínu svæði
- Hvernig tengjast minjastaðir þínu starfi sem þjóðgarðsverði?

Nýting

- Hvernig tengjast minjastaðir þínu starfi sem leiðsögumaður?
- Eru einhverjir minjastaðir sem þú bendir þínum hópum sérstaklega á þegar þið eruð á ferðinni?
- Hver er þín sýn á nýtingu minjastaða / fornleifa á þínu svæði?
- Eru einhver tækifæri sem ykkur finnst vera vannýtt? Sjáið þið einhverja möguleika í þróun og nýtingu minjastaða fyrir sveitarfélagið/þjóðgarðinn/ferðaþjónustuna?
- Gæti ferðaþjónustan á svæðinu nýtt sér möguleikana betur?
- Hvað finnst þér mikilvægt að hafa í huga þegar ráðist er í uppbyggingu og nýtingu minjastaða?

Gildi

- Hvaða þýðingu/gildi finnst þér minjastaðir hafa fyrir íbúa svæðisins?
- Finnst þér minjastaðir hafa þýðingu/gildi fyrir sjálfsmynd íbúa?
- Geta minjastaðir haft gildi á sviðið stjórnmála á einhvern hátt? Og ef svo er, þá hvernig?
- Hafa minjastaðir gildi fyrir ferðaþjónustuna? Og ef svo er, þá hvernig?
- Hafa minjastaðir gildi innan þjóðgarðsins? Og ef svo er, þá hvernig?

Hofstaðir

- Að lokum langar mig aðeins að tala um Hofstaði:
- Þekkir þú vel til þar? Hefur þú einhverja tengingu þangað?
- Nú eru upp ýmsar hugmyndir um uppbyggingu á Hofstaðasvæðinu, þekkir þú vel til þeirra og hvað finnst þér um þær?
- Hvaða þýðingu finnst þér Hofstaðir og þær uppbyggingarhugmyndir sem þar eru hafa fyrir sveitarfélagið?

Detur þér í hug einhverjir aðrir minjastaðir í Mývatnssveit sem þú myndir vilja sjá byggjast upp?

Er eitthvað annað sem þú myndir vilja koma á framfæri?

Við verðum með rýnihóp með heimamönnum í lok maí í tengslum við þetta verkefni. Ert þú með einhverjar hugmyndir um fólk í þínu sveitarfélagi sem við gætum haft samband við til þátttöku?

Viðauki B: Viðtalsleiðbeiningar – rannsóknarhópur

Max 10 mín	Fundur hefst <ul style="list-style-type: none"> - Kynning á verkefninu og farið yfir upplýst samþykki - Þátttakendur kynna sig með nafni og hversu lengi þeir hafi búið á svæðinu
10 mín	Gildi minjastaða <ul style="list-style-type: none"> - Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar minnst er á minjastaði? - Hvað standa minjastaðir fyrir í ykkar huga? - Hvaða gildi hafa minjastaðir fyrir ykkur? - Hvaða gildi hafa minjastaðir fyrir samfélagið?
20 mín	Nýting minjastaða <ul style="list-style-type: none"> - Hver er ykkar sýn á nýtingu minjastaða á svæðinu? - Hvað finnst ykkur mikilvægt að hafa í huga þegar ráðist er í uppbyggingu og nýtingu minjastaða? - Hvernig finnst ykkur ætti að haga nýtingu minjastaða svo það nýtist heimamönnum best? - Eru einhver tækifæri sem ykkur finnst vera vannýtt? - Sjáið þið einhverja möguleika í þróun og nýtingu minjastaða fyrir svæðið?
15 mín	Fornleifauppgrefrar <ul style="list-style-type: none"> - Hafið þið eitthvað fylgst með fornleifauppgreftrum í ykkar nærumhverfi? - Og hverja þá? - Finnst ykkur almennt fornleifauppgrefrar hafa gildi fyrir svæðið? Að lokum langar okkur aðeins að tala um Hofstaði <ul style="list-style-type: none"> - Þekkið þið vel til þar? Hafið þið einhverjar tengingar þangað? - Nú eru uppi ýmstar hugmyndir um uppbyggingu á Hofstaðasvæðinu, þekkið þið til þeirra og hvað finnst ykkur um þær? - Hvaða þýðingu finnst ykkur að Hofstaðir og þær uppbyggingarhugmyndir sem þar eru hafa fyrir sveitarfélagið?
5 mín	Annað <ul style="list-style-type: none"> - Eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri að lokum?

Viðauki C: Spurningalisti netkönnunar

Bakgrunnur

- Fæðingarár
- Kyn
- Búseta
- Hversu lengi hefur þú búið í núverandi sveitarfélagi
- Hvað er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?
- Starfar þú við ferðaþjónustu?
- Nefndu fyrstu þrjú orðin eða orðasamböndin sem þér dettur í hug þegar þú heyrir orðið minjastaður?

Gildi minjastaða

- Ég er stolt(ur) af þeim minjastöðum sem finnast í mínu sveitarfélagi
- Það felast söguleg gildi í minjastöðum í mínu sveitarfélagi
- Það felast fræðslugildi í minjastöðum í mínu sveitarfélagi
- Það er mikilvægt fyrir íbúa sveitarfélagsins að þekkja sögu svæðisins
- Minjastaðir í mínu sveitarfélagi hafa gildi fyrir sjálfsmynd íbúa á svæðinu
- Nefndu fyrstu þrjá minjastaðina sem koma upp í hugann innan þíns sveitarfélags

Nýting og uppbygging minjastaða

- Mér finnst það ætti að byggja upp og nýta fleiri minjastaði í mínu sveitarfélagi svo þeir verði aðgengilegri fyrir íbúa og ferðamenn
- Hversu mikilvægt telur þú að farið sé í uppbyggingu á minjastöðum í þínu sveitarfélagi?
- Veldu þá þætti sem þér finnst mikilvægt að hafa í huga þegar ráðist er í uppbyggingu og nýtingu minjastaða þegar kemur að:
 - Þjónustu
 - Aðgengi
 - Miðlun
- Nýting og uppbygging minjastaða hefur ekki haft nein áhrif á sjálfsmynd íbúa í mínu sveitarfélagi
- Nýting og uppbygging minjastaða hefur haft jákvæð áhrif á byggðapróun í mínu sveitarfélagi
- Mér finnst vanta upp á miðlun upplýsinga um minjastaði í mínu sveitarfélagi
- Minjastaðir í mínu sveitarfélagi eru mikilvægir fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu
- Hver ætti að bera kostnað af uppbyggingu minjastaða? (Veldu 3 kosti)
- Hver ætti að bera kostnað af rekstri minjastaða? (Veldu 3 kosti)

Hofstaðir

- Hefur þú fylgst með fornleifarannsóknum á Hofstöðum?
- Þekkir þú vel til sögu Hofstaða?
- Hefur þú kynnt þér gildandi deiliskipulag fyrir Hofstaði?
- Telur þú að uppbygging Hofstaða geti haft jákvæð áhrif fyrir:
 - íbúa svæðisins?
 - sveitarfélagið?
 - ferðaþjónustuna?

- Hvernig uppbyggingu myndir þú vilja sjá á Hofstöðum?
- Hvernig myndir þú vilja sjá nýtingu fornleifa og útisvæðis?
- Hvernig myndir þú vilja sjá húsin vera nýtt?

Annað

- Ef þú mættir velja, hvaða minjastað í þínu nærumhverfi eða sveitarfélagi myndir þú vilja sjá verða aðgengilegan fyrir íbúa svæðisins og ferðamenn?
- Eitthvað annað sem þú myndir vilja koma á framfæri?



Fjármagnað í samvinnu við Bygðarþróunarsjóð Evrópu

Stefnumótun með landfræðilegum rökum

espon.eu



ESPON 2020

ESPON EGTC

11, Avenue John F. Kennedy, L-1855 Lúxemborg

Stórhertogadæmið Lúxemborg

Sími: +352 20 600 280

Netfang: info@espon.eu

www.espon.eu

ESPON EGTC er eini hagsmunaaðili samstarfsáætlunarinnar ESPON 2020. Eina aðgerð áætlunarinnar er framkvæmd af ESPON EGTC og samfjármögnuð af Bygðarþróunarsjóði Evrópu, aðildarríkjum Evrópusambandsins og samstarfsríkjunum Íslandi, Liechtenstein, Noregi, Sviss og Bretlandi

Fyrirvarar

Þessi útgáfa endurspeglar ekki endilega skoðun meðlima eftirlitsnefndar ESPON 2020.